

Dags.26.01.2026.

Beiðni frá bæjarfulltrúa Vina Kópavogs um eð málefni Kársnesskóla verði sett á dagskrá bæjarráðs.

Þess er hér með óskað að málefni Kársnesskóla verði sérstakt dagskrármál í bæjarráði á fimmtudaginn kemur. Undirrituð saknar þess að bæjarráð hefur engar skýrslur fengið um málið svo mánuðum skiptir enda var reglubundin skýrslugjöf og eftirlit bæjarráðs hluti af ákvörðuninni um að rifta samningi við verktaka byggingarinnar vorið 2023. Þess er farið á leit að á fundinn 29. þ. m. mæti lögmaður bæjarins í málinu og leggi fram minnisblað um stöðu og horfur vegna ritunarinnar og uppgjör skuldbindinga aðila í milli. Þá er óskað yfirlits fjármála- og áhættustýringarsviðs um útgjöld vegna byggingar Kársnesskóla skipt á ár. Sérstaklega er óskað upplýsinga um hvort fjárheimildir hafi öll árin verið í fjárhagsáætlun til greiðslu skuldbindinga hverju sinni. Sé svo ekki er óskað upplýsinga um hvernig útgjöldin og eignamyndun endurspeglar í bókhaldi Kópavogsbæjar.

Helga Jóndóttir.